


Bjarni Guðjónsson listmálari og Ási í Bæ rithöfundur voru að skoða Listmálarasýninguna. Myndirnar þrjár til vinstri eru málverk Svavars en til hægri er Sigurður Örlygsson





Morgunblaðið/ Emilía

Stúlka í hvíld eftir Einar Hákonarson

Fyrsta sýning Listmálarafélagsins á Kjarvalsstöðum:

„Við eigum það sammerkt að mála myndir“

Listmálarafélagið, sem stofnað var í apríl sl. af 21 listmálara heldur nú fyrstu sýninguna á sínum vegum í Kjarvalsstöðum þar sem allir félagar sýna myndir. Eru þar til sýnis 78 málverk eftir félagsmenn, sem eru úr öllum aldursflokkum listmálara. Við litum inn á sýninguna og er mikið við að vera í Kjarvalsstöðum um þessar mundir, Kjarvalssýning í Kjarvalssal, stórkostlega falleg sýning og sérstaklega vel sett upp af Gylfa Gíslasyni, í miðskála er viðamikil sýning Magnúsar Tómassonar og í Vestursal er sýning Listmálarafélagsins. Þá er rétt að geta ljómandi vistlegrar kaffistofu, sem tekið hefur á sig heimilislegan blæ. „Það má segja að Listmálarafélagið hafi byrjað þannig að 8 málarar komu saman síðla vetrar og ákváðu að standa að stofnun félags fyrir listmálara og næsta skref í málinu var að bjóða 13 öðrum listmálurum að gerast stofnfélagar,“ sagði Einar Þorláksson listmálari í samtali við Mbl. um sýningu þeirra félaga. „Við eigum það allir sammerkt,“ sagði Einar, „að mála málverk. Við höfum ákveðið að fara rólega af stað og vera ekki fleiri í upphafi, hvað þróast á eftir að koma í ljós. Tilgangurinn með félaginu er einfaldlega sá að þétta liðið, því það er orðið alvörumál hvað fúskið er mikið í málaralistinni á Íslandi. Staða alvöru-málara á Íslandi í dag er ekki ósvipuð því og þegar Þorgeir Hávarsson hékk í bjarginu, og því er ástæða til þess að listmálarar þjappi sér saman, þetta eru orðin allskyns félög, grafik og eitt og annað, en við erum hins vegar ekkert á móti áhugamennsku í málaralist og list yfirleitt, en það er ekki þar með sagt að allir eigi að sýna.“

Einar sagði ekki ljóst hvert framhald yrði á starfsemi Listmálarafélagsins í bráð, nú væri farið af stað í nafni málaralistarinnar, hvorki hægri né vinstri, heldur í nafni málverksins. Í Listmálarafélaginu eru Einar Baldvinsson, Vilhjálmur Bergsson, Kjartan Guðjónsson, Þorvaldur Skúlason, Gunnar Örn Gunnarsson, Hafsteinn Austmann, Bragi Ásgeirsson, Steinþór Sigurðsson, Ágúst Petersen, Valtýr Pétursson, Kristján Davíðsson, Karl Kvaran, Svavar Guðnason, Elías B. Halldórsson, Sigurður Örlygsson, Guðmunda Andrésdóttir, Einar Þorláksson, Einar Hákonarson, Jóhannes Jóhannesson, Hrólfur Sigurðsson og Sigurður Sigurðsson.



Á haustsýningu eftir Ágúst Petersen